

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 251/2019

2023/EES/5/05

frá 25. október 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1125 frá 5. júní 2019 um leyfi fyrir sinkklósambandi af meþíónínsúlfati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 300. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2019/805) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„301. **32019 R 1125**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1125 frá 5. júní 2019 um leyfi fyrir sinkklósambandi af meþíónínsúlfati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 77).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1125, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 77.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.